Af skornum skammti

Sýningar Níelsar Hafstein og Ívars Valgarðssonar að Kjarvalsstöðum

Sýningar þeirra Ívars Valgarðssonar og Níelsar Hafstein í austursal Kjarvalsstaða líða báðar fyrir smæð sína. Hinn margræði niðursetningur Níelsar um mýtólógíu hestsins, sem þarf á nánu samneyti við áhorfandann að halda, missir hluta af áhrifamætti sínum út um víðan völl í því gímaldi sem salurinn er.


Sömuleiðis þyrfti framlag Ívars að vera meira (og heillegra) til að gefa manni tilfinningu fyrir listrænum „prófíl" hans, þankagangi og markmiðum.

Allt um það er ágeng verk og krefjandi að finna á sýningum beggja. Þau hefðu einfaldlega plumað sig betur annars staðar.

Níels Hafstein er meðal fjölhæfustu listamanna sinnar kynslóðar, hefur lagt gjörva hönd á skúlptúr, bækur, málverk, auk þess sem hann hefur samið ýmiss konar myndlistarlega texta. Hugur hans hefur jafnan hneigst til nokkurs konar naumhyggju, meinlætastefnu, sem blönduð er eilitlum „dandyisma" eða sundurgerð, sem birtist gjarnan í nostri við smáatriði og yfirborðsfágun.

Í niðursetningnum um hest guðanna er Níels sjálfum sér samkvæmur. Verkið er blendingur af stílfærðum tréskúlptúr á gólfi, veggmyndum úr málmi, útsaumsverkum og svo texta, sem gefur vísbendingar um það sem listamaðurinn er að fara. Sjálfur verður áhorfandinn að spá í eyðurnar, gerast virkur þátttakandi í því ævintýri sem listamaðurinn segir frá.

Allir þættir verksins eru einfaldir en margræðir, fágaðir í útliti – jafnvel „smart", sem skemmir þó ekki fyrir.



Frá sýningu Níelsar Hafstein.

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

Rökræn myndsýn

Eins og Níels er Ívar hallur undir ákveðna tegund huglægrar (konseptúal) naumhyggju, en meðan Níels gerir sér far um að gefa henni ljóðræna vídd, sem áhorfandinn getur lifað sig inn í að vissu marki, er Ívar að steypa tilbrigði um frumform – pýramíða, strendinga o.s.frv. – sem ítreka gildi hinnar rökrænu og hlutlausu myndsýnar, þar sem áhorfandinn „finnur" ekkert inntak, heldur verður að búa sér það til sjálfur.

Hið „persónulega" í þessum annars ópersónulegu steypum Ívars birtist í óvæntum skurði formanna, teikningunni á yfirborði verkanna, eða þá í útúrdúrum eins og hinum stóra, lífræna skúlptúr á miðju gólfi, sem er eins og hylling til Hans Arps.

Ívar hefur meðfram fengist við málverk sem eru tengd skúlptúrunum, en þó er ýmislegt annað að gerast í þeim sem ég átta mig ekki alveg á. Þar er hann meðal annars að fikra sig áfram með myndkerfi og sterka liti, sem eru á skjön við flest annað í myndlist hans.

Annaðhvort er Ívar að leita fyrir sér á nýjum vígstöðvum eða á eftir að samræma þessi viðhorf. **-ai**



Frá sýningu Ívars Valgarðssonar.



Anna Fúgaró á sýningu sinni. DV-mynd BG

Á hugarflugi

Sýning Önnu Fúgaró í Menningarstofnun Bandaríkjanna

Myndlist

Aðalsteinn Ingófsson

Klippimyndir Önnu Fúgaró eru eins og smásögur eftir Colette þar sem angurværar ungar konur lifa ríkulegu innra lífi í mollulegum herbergjum, innan um þung bróderuð gluggatjöld, rykfallnar mublur, postulínsdúkkur og málverk í útskornum römmum. Meðan þær hlýða kalli ástríðnanna láta þær sig dreyma um sakleysi æskunnar þegar hlutirnir virtust einfaldir og vandalitlir. Jafnframt gleyma þær sér í ýkjum og draumórum um tortímingu, trúmál, frægðina, og hina einu sönnu ást.

Eins og Colette er Önnu Fúgaró einnig umhugað um dýr og plöntur sem eru í senn fulltrúar hins óspillta og tengiliður við hið upprunalega í manninum.

En Colette var skilgetið afkvæmi 19 aldar andófsstefnu þegar frásagnarform raunsæisins er virkjað til tjáningar á hinu fáránlega, meðan Anna Fúgaró getur látið greipar sópa um alla þá strauma og stefnur, frá súrrealisma til ofurraunsæis, sem umbylt hafa myndlistinni á vorum dögum, og þar með hinni pósítífisku heimsmynd.

Köngulóarvefir

Þetta notar Anna sér óspart enda eru myndir hennar að springa undan uppfinningagáfum hennar, formrænum og efnislegum.

Samt hanga myndir hennar saman, ekki kannski á rauðum þræði heldur veikum. Nógu sterkum samt til að maður skynji hjartslátt listamannsins í þeim.

Allt það góss sem dreifist um myndir hennar er þar af góðum og gildum ástæðum en ekki fyrir tilviljun.

Efniviðurinn, myndir úr bókum, blöðum, bæklingum o.fl., er því aðeins brúklegur að hann samsvari einhverju sem býr innra með Önnu, minningum eða tilfinningum.

Yfirborð mynda hennar er orðið efnismeira en áður, upphleypt með límí, lagt þráðum sem liggja eins og köngulóarvefir um einstaka hluta þeirra, alsett gullstjörnum eða glimmer. Allt gerir þetta myndir Önnu glæsilegri ásýndar.

Á sýningu Önnu í Menningarstofnun Bandaríkjanna, sem hefur yfirskriftina „Þú flýgur hæst með hugarfluginu", eru 22 ný eða nýleg verk. Sýningin er ekki alveg í alfaraleið en ætti að vera það.

Það er annars eins og við séum að eignast eilitla klippimyndahefð hér á Íslandi: Erró, Róska, Valdís Óskarsdóttir, Kristján Kristjánsson, Anna Fúgaró, sjálfsagt fleiri. Einhver dugandi safnamaður ætti að taka saman sýningu á þessari hefð. **-ai**

OPEL

KADETT

Verð frá kr. 420.000.

Þessi glæsilegi vestur-þýski bíll var kosinn bíll ársins af dómharðri nefnd bílagagnrýnenda þegar hann var fyrst kynntur fyrir tveimur árum.

Þessi stórkostlega viðurkenning var upphafið að miklum vinsældum OPEL KADETT.

Áður en þú gerir upp hug þinn varðandi hugsanleg bílakaup getur borgað sig fyrir þig að kynna þér kosti KADETT bílanna, ss. rými, hönnun, aksturseiginleika og lágan eldsneytiskostnað.

AUGLÝSINGADEILD SAMBANDSINS

OPEL GM

Hvílíkur munur!

Vandaðu valið! Veldu KADETT!

BÍLVANGUR SF.

HÖFÐABAKKA 9 SÍMI 687300